

Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses.

Ársreikningur
2019

Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses.
Strandgötu 4
220 Hafnarfirði
630316-2190

Óendurskoðaður ársreikningur

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DAM" and "AM".

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AD", "OB", "SM", and "Dhms".

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2019

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses. var stofnuð 22. október 2015 og hóf starfsemi á árinu 2016. Tilgangur félagsins er að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi innan marka bæjarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, vísað er til skýringa um laun og launatengd gjöld.

Að álit stjórnar Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2019, afkomu árið 2019 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 589 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 676,6 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárraikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Hafnarfirði, 25.05 2020

Stjórn:

Sigríður Margrét Jónsdóttir
Orri Björn
Páll A. Magnússon
Annbjörg Ólafsson
Anna J. Ólafsd.
Páll Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

T. ÖNSD.

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2019

Til stjórnar og félagsmanna Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses.

Inngangur

Við höfum kannað og aðstoðað við gerð ársreiknings Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Markaðstofu Hafnarfjarðar ses á árinu 2019, efnahag þann 31. desember 2019 og sjóðstreymi ársins 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Athugasemd

Ég vil vekja athygli á að undirrituð er tengd formanni stjórnar Markaðstofunar, Sigríði Margréti Jónsdóttur og meðstjórnanda Markaðstofunar Erni H. Magnússyni. Undirrituð hefur fengið staðfestingu á að formaður og meðstjórnandi hafa ekki aðgengi að bankareikningum stofnunnarinnar eða bókhaldi. Einnig að formaður og meðstjórnandi koma ekki að fjármálum stofnunnar með öðrum hætti en formlegu samþykki á stjórnarfundum. Er það því mat mitt að ég uppfylli ákvæði 19 gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og sé óháð stofnunni og geti því skrifað undir könnun á ársreikningi stofnunnarinnar.

Hafnarfirði, 25.5 2020

APaL ehf.

Sigrí. Arnarsond.

AD
OB
Dittu
JMM

Rekstrarreikningur 2019

Ársreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur		15.461.500	15.014.000
	4,9	<u>15.461.500</u>	<u>15.014.000</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður við viðburði	12	1.505.450	679.025
Lán og launatengd gjöld	13	12.741.226	11.550.137
Aðrir rekstrarkostnaður	14	2.187.350	935.402
		<u>16.434.026</u>	<u>13.164.564</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(972.526)	1.849.436
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	15	90.019	82.972
Fjármagnsgjöld	16	(37.221)	(25.515)
		<u>52.798</u>	<u>57.457</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(919.728)	1.906.893
Tekjuskattur	17	330.866	(693.233)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(588.862)</u>	<u>1.213.660</u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

AD.
03 00
DHU
[Signatures]

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2019

		Eignir	
	Skýr.	2019	2018
Langtímaeignir			
Tekjuskattsinneign	18	330.866	0
Veltufjármunir			
Eignfærður kynningakostnaður	7	2.500.000	0
Viðskiptakröfur	8	80.000	80.000
Aðrar kröfur		25.932	18.253
Handbært fé	9	438.793	3.296.352
		<u>3.044.725</u>	<u>3.394.605</u>
	Eignir samtals	<u><u>3.375.591</u></u>	<u><u>3.394.605</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Át.
CB
DM

31. desember 2019

Ársreikningur 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé			
Eigið fé		676.555	1.265.417
	19	<u>676.555</u>	<u>1.265.417</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		0	238.941
Skattar ársins		0	491.992
Aðrar skammtímaskuldir		2.699.036	1.398.255
		<u>2.699.036</u>	<u>2.129.188</u>
Skuldir samtals		<u>2.699.036</u>	<u>2.129.188</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>3.375.591</u></u>	<u><u>3.394.605</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

AD BO
OB SW
DHU

Yfirlit um sjóðstreymi 2019

Ársreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(588.862)	1.213.660
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Niðurfærsla krafna			
Söluhagnaður fastafjármuna		0	0
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(330.866)	201.241
Veltufé (til) frá rekstri	(919.728)	1.414.901
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Breyting á eignfærðum kostnaði, hækkun	(2.500.000)	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(7.679)	31.917
Skammtímaskuldir, hækkun		569.848	304.407
Handbært fé (til) frá rekstri	(2.857.559)	1.751.225
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(2.857.559)	1.751.225
Handbært fé í upphafi ársins		3.296.352	1.545.127
Handbært fé í lok ársins		<u>438.793</u>	<u>3.296.352</u>

Skýringar á blaðsíðu 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2019

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Áhættustjórnun

2. Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.
3. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Innlausn tekna

4. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrk frá Hafnarfjarðarbæ, árgjöldum, tekna vegna viðburða og útgáfu bæklinga. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

Fjármagnskostnaður

5. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Frestaður tekjuskattur

6. Frestaður tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að tekjur og gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og breytingu á tekjuskattsskuldbindingunni. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð til eignar einungis ef líkur er á að hún muni nýtast í framtíðinni.

7. *Eignfærður kynningakostnaður*

Kynningakostnaður er færður til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Eignin er færð til gjalda á áætluðum nýtingartíma eignarinar. Áætlaður nýtingartími er tvö til þrjú ár.

Viðskiptakröfur

8. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádregnum þeim kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru sannarlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

9. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skuldbindingar

10. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Rekstrarreikningur

Tekjur:

11. Tekjur:	2019	2018
Styrkur frá Hafnarfjarðarbæ	14.000.000	13.300.000
Árgjald	1.461.500	1.254.000
Auglýsingar í ferðamannabæklingi	0	460.000
	<u>15.461.500</u>	<u>15.014.000</u>

Rekstrargjöld:

Kostnaður við viðburði

12. Kostnaður við viðburði sem félagið stóð að og útgáfu kynningarbæklings:

Fyrirtækjahittingur/Súpufundir	405.338	399.253
Jólahittingur	669.814	0
Ný fyrirtæki	21.206	0
Kostnaður vegna afmælis	0	19.716
Markaðsstefnumótun	13.023	66.101
Ferðamannabæklingur	440	67.476
Heimasíða	0	24.002
Hvatningarverðlaun	395.629	102.477
	<u>1.505.450</u>	<u>679.025</u>

Laun og launatengd gjöld

13. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Laun	9.161.194	9.051.690
Áunnið orlof og uppgjör launa	1.333.795	0
Bifreiðastyrkur	63.835	54.868
Lífeyrissjóður	1.236.765	1.221.975
Tryggingagjald	689.508	710.891
Önnur launatengd gjöld	256.129	510.713
	<u>12.741.226</u>	<u>11.550.137</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	1	1

Át. 60
OB
Diana

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

14. Annar rekstrarkostnaður	2019	2018
Áhöld og tæki	33.905	0
Samskiptakostnaður	206.861	197.522
Skrifstofuvörur	45.871	67.517
Uppgjör og bókhaldsþjónusta	319.917	395.213
Hreinlætisvörur	0	2.998
Auglýsingar	1.088.765	37.385
Aðal- og stjórnarfundir	207.671	143.541
Ráðstefnur	139.000	0
Kaffikostnaður skrifstofu	5.934	25.576
Starfsmannakostnaður	93.870	12.000
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	33.000
Annar kostnaður	45.556	20.650
	<u>2.187.350</u>	<u>935.402</u>

Fjármunatekjur

15. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur	90.019	82.972
	<u>90.019</u>	<u>82.972</u>

Fjármagnsgjöld

16. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld	(37.221)	(25.515)
	<u>(37.221)</u>	<u>(25.515)</u>

Tekjuskattur

17. Virkt tekjuskattshlutfall greinist þannig:

	2019	%	2018	%
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(919.728)		1.906.893	
Skatthlutfall	(345.818)	37,6%	686.481	36,0%
Varanlegur mismunur	6.730	-0,7%	6.300	0,3%
Nýting á yfirfæranlegu tapi	0	0,0%	(202.870)	
Aðrar breytingar	8.222	-0,9%	203.322	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(330.865)</u>	36,0%	<u>693.233</u>	36,4%

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2019

Tekjuskattsinneign

18. Yfirlit um tekjuskattsinneign:

2019

	Inneign	Skuld	Samtals
Yfirfæranlegt tap	330.866		330.866
	<u>330.866</u>	<u>0</u>	<u>330.866</u>

Eigið fé

19. Yfirlit um eigið fé:

2019

Eigið fé 01.01.	1.265.417
Tap ársins	(588.862)
Eigið fé 31.12.	<u>676.555</u>

2018

Eigið fé 01.01.	51.757
Hagnaður ársins	1.213.660
Eigið fé 31.12.	<u>1.265.417</u>

AD. CO. SPAN
OB
Dina